

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag fyrir Lambhaga í Ölfusi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti 29. nóvember 2018 deiliskipulag samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið er fyrir hluta af jörðinni Lambhaga í Ölfusi fyrir alifuglabú sem hefur verið rekið þar í nokkur ár. Fyrirhuguð er endurnýjun á húsakosti búins. Markmið með deiliskipulaginu er að skilgreina byggingarreiti og heimila uppbyggingu á alifuglabúi auk annarra bygginga.

Innan byggingarreits B1 er gamalt íbúðarhús sem heimilt er að stækka í allt að 250 m² og mænishæð allt að 6 m. Byggingarreitur er í 100 m fjarlægð frá Hvammsvegi nr. 374.

Innan byggingarreits B2 er heimilt að byggja íbúðarhús með bílgeymslu, allt að 300 m² með hámarks mænishæð 6 m. Minnsta fjarlægð frá eldihúsi að íbúðarhúsi á næstu jörð er um 242 m.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst, kynnt og hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Engar athugasemdir komu á auglýsingartímanum. Uppbygging á alifuglabúinu er í samræmi við lög og reglugerðir um alifuglabú með allt að 39.000 fugla og það starfar eftir starfsleyfi.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 22. febrúar 2019.

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2019